

Nd.

85. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932,
um brúargerðir.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir A. I. a. 47. í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi nýr liður: Múlaá í Ísafirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Vatnsfall það, sem hér um ræðir, er á leið þjóðvegarins frá Arngerðareyri að Múla. Á sl. sumri fór fram athugun á brúarstæði á ánni, og liggur skýrsla um hana fyrir í skrifstofu vegamálastjóra.

Nauðsyn ber til þess, að brú þessi verði byggð í nánustu framtíð, og leggja flm. frv. þessa því til, að hún verði tekin upp í brúalög.